

FUNDARGERÐ

Vegna opnunar umsókna í forvali á vegum Garðabæjar – „Þjónusta og ráðgjöf vegna úthlutunar lóðarréttinda og sölu byggingarrétta í Vetrarmýri“

Þann 28. maí 2021 kl. 14:00 komu neðangreindir aðilar saman til rafræns fundar. Tilgangur fundarins er opnun umsókna um þátttökurétt í lokuðu útboði vegna kaupa á þjónustu og ráðgjöf við úthlutun lóðarréttinda og sölu byggingarrétta í Vetrarmýri í landi Vífilsstaða í Garðabæ.

Viðstaddir á rafrænum fundi eru: Guðjón E. Friðriksson bæjarritari Garðabæjar, Sunna Sigurðardóttir verkefnastjóri (ritar fundargerð), Edda Andradóttir frá Juris, Íris Káradóttir frá Íslandsbanka, Sigurður Gunnlaugsson frá FS Torg, Sigrún Magnúsdóttir frá Juris og Rakel Kristinsdóttir frá Kviku banka.

I. Opnun umsókna


Á rafrænum opnunarfundum voru umsóknir frá eftirfarandi aðilum opnaðar:

1. FS Torg ehf
2. Fyrirtækjaraðgjöf Íslandsbanka
3. Kvika banki

Nöfn umsækjenda voru lesin upp í rafrænni viðurvist fundarmanna í þeirri röð sem umsóknir bárust. Ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til gildi framangreindra umsókna.

Fundargerð var lesin upp fyrir fundarmenn og var hún samþykkt. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:04.

Staðfest þannig farið fram,



Sunna Sigurðardóttir